

KJARVAL

Bautabúrs
ungnautahakk

998
kr./kg

Hagkvæmt í heimabyggð



25%
afsláttur
SS
lambahryggur
frosinn
1549
kr./kg
verð áður 2068



20%
afsláttur
SS
kryddlegnar
lærisseidar
2259
kr./kg
verð áður 2828



30%
afsláttur
Emmess skafis
vanilla og súkkulaði, 1 l
499
kr./kg



Pepsi og Pepsi Max 2 l
199
kr./flk.



HP flatökur
139
kr./pk.



Piper-, hvítlauks- og paprikuostur
208
kr./flk.



Bergmanns hafrakek, 600 g
399
kr./pk.



Ariel regular 45 þvottar
2869
kr./pk.



Prins pólo mini
298
kr./pk.



Mangó
269
kr./kg
verð áður 539



Kellogg's Corn Flakes, 500 g
399
kr./pk.

KJARVAL

Klaustur: Sími: 487 4616 | Vík: Sími: 487 1325 | Hvítavörkur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Heila: Sími: 585-7595

SJÁ ÖPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Skafffellingar nær og fjær og aðrir vinir!

Heimildarmyndin "Í safni með Síðumönnum" fer í fjölföldun á næstu dögum.

Þeir sem óska eftir að skrá sig í forsölu á DVD mynddisknum geta haft samband við Sólrúnu Ólafsdóttur á Kirkjubæjarklaustri.

Sími: 487 4608 Gsm: 895 8018

Netfang: solruno@simnet.is

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar 2010

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar verður haldinn í Víkurkirkju, að kvöldi uppstigningardags, **13. maí 2010 kl. 20:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf
Sóknarnefnd

Einn ég hlusta

Einn ég hlusta hljóður
á horfinn tímans nið
vaknar vorsins gróður
veröldin að skryða sig.
Jörðin angar, grundin glóir
geislar skína á veðruð þil.
Spörfuglarnir mæta í móinn
mér finnst gott að vera til.

Dögg af grasi drýpur
hver dagur á sinn hljóð
allt sem augað lítur
eyrað nemur þennan óm.
Yfir hvelfist heiður himinn
horfin burt er næturró.
Nú er gott að vaka og vita
að vorið kom á norður slóð.

Höf: Bergdís Jóhannsdóttir

18. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 5. MAÍ 2010

SMÁAUGLÝSINGAR



SKAFTÁRHREPPUR

Kjörstjórn Skaftárhrepps

vekur athygli hreppsþúa á kosningum til

sveitarstjórnar sem fram fara laugardaginn 29. maí n.k.

Í Lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5 6. mars 1998, segir m.a.:

18. gr. *Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.*

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn fyrir lok framboðsfrests að hann skorist undan endurkjöri.

19. gr. Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem geta verið með tvennu móti:

a. *Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.*

b. *Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.*

20. gr. *Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu.*

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

21. gr. *Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.*

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kenitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.

Sjá nánar á vefnum <http://www.kosning.is/sveitarstjornarkosningar/>

Samkvæmt ofanrituðu boðar kjörstjórn öllum hreppsþúum að hún verður til viðtals í ráðhúsi hreppsins laugardaginn 8. maí n.k. frá kl. 11:00 - 12:00.

F.h. kjörstjórnar

Guðmundur Óli Sigurgeirsson formaður.

Á DÖFINNI

Söfnun á heyrulluplasti í Mýrdal fimmtudaginn 6. maí 2010

Meindýraeyðir verður í Mýrdalnum kringum 15. maí nk.

Hlaup.is verður með námskeið í Vík sunnudaginn 16. maí frá kl 13-18

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar í Víkurkirkju, 13. maí 2010 kl. 20:00.

Aðalfundur golfklúbbsins í Vík í golfskálanum (Péturshöll) sunnudaginn 16. maí kl: 15:00.

Stórbingó í Leikskálum 13. maí n.k. kl. 20.30, hjá kvenf. Hvammshr.

Fyrsta gönguferð ársins fimmtudagskvöldið 6. maí 2010 hjá Ferðafélagi Mýrdalshrepps

Guðspjónusta í Skeiðflatarkirkju í Mýrdal. á uppstigningardag, degi aldraðra fimmtudaginn 13. maí nk. kl. 14.00.

Gönguferð á og umhverfis Orrustuhól á Brunasandi miðvikudaginn 12. maí, Ferðamálafélag Skaftárhrepps



“Lóan er komin og grundirnar gróa”

Tilboðsvara maí mánaðar á 20% afslætti hjá Volare.

Vara nr. 202/203/204/ sólarvörn nr. 8/15/25 230 ml. Vatnsheld, góður ilmur. Þú færð fallegan lit sem endist lengi.

Vara nr. 205 Aftersun krem 230 ml. Kælandi og róar húðina, góður ilmur

Vara nr. 0105 Gel forte brunagel 70 ml. Gott á sólbruna, kláða, útbrot, skordýrabít og einnig á bólótta húð.

Fullt verð á þessum vörum kr. 8,430
Tilboðsverð með 20% afslætti kr. 6.740

Ath. Má taka 2 varnir + gel eða 2 aftersun + gel.

Afslátturinn gildir aðeins ef keyptur tilboðspakki
www.volare.is

VISA

Drunur og dynkir mann ætla að æra ekkert lát er á því.

Ég held bara að það sé fjandinn að færa flest allt úr skorðum jöklinum í.

Ort kl. 00:30 4. maí 2010 E.

Hafnfirðingar fara alltaf í götöttum sokkum til útlanda. Þeir vita nefnilega að þeir eru alltaf stoppaðir í tollinum.

Á snyrtingu á veitingastað einum á Árborgarsvæðinu er þrifaplan sem á stendur skilmerkilega hvað og hvernig eigi að þrifa. Rúsinan í pyslendanum er: *Muna að skipta um rusl.*

Netverslunin - www.fallegfot.is

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.

Mýrdælingar og nærsveitamenn athugið

Sigurður Ingi Sveinbjörnsson meindýraeyðir,
verður í Mýrdalnum kringum 15. maí nk. (Fer eftir veðri)

Sigurður Ingi úðar fyrir flugum og skordýrum í útihúsum,
inni og úti í íbúðarhúsum og á garða

*Þeir sem vilja nýta sér þjónustu hans
vinsaml. hafið samband í síma 487 1237 eða 892 9682, Finnbogi.*

Hlaupanámskeið í Vík Sunnudaginn 16. maí

*Torfi H. Leifsson umsjónarmaður Hlaup.is verður með námskeið í Vík
sunnudaginn 16. maí frá kl 13-18*

Námskeiðið kostar 7.500kr fyrir félagsmenn KÖTLU en annars 11.500kr

Upplýsingar og skráning í síma 8683642

Aðalfundur golfklúbbsins í Vík



*verður haldinn í golfskálanum (Péturshöll)
sunnudaginn 16. maí kl: 15:00.*

Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

Stjórn GKV



Mýrdalshreppur

Frá kjörstjórn Mýrdalshrepps

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga í Mýrdalshreppi, sem fram fara 29. maí 2010, rennur út kl. 12 á hádegi laugardaginn 8. maí 2010.

Tekið er á móti framboðslistum á heimili formanns að Mýrarbraut 4 í Vík frá kl. 11:00 fyrir hádegi til kl. 12:00 á hádegi.

Samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps 1. kafla, 1. gr. segir: "Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Á framboðslista í sveitarfélagi skv. 26. gr. laga um kosningar skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn í sveitarstjórn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.

Framboðslistum fylgi yfirlýsing þeirra sem á listunum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listana. Framboðslistum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í sveitarfélaginu, 20 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 40.

Hver meðmælandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Með hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Gæta skal þess að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru. Greina skal nafn, kennitölu og heimili meðmælenda.

Vík, 29. apríl 2010

fh. kjörstjórnar Mýrdalshrepps
Áslaug Vilhjálmisdóttir formaður

Gengið á Hjörleifshöfða



*Fyrsta gönguferð ársins verður
fimmtudagskvöldið 6. maí 2010*

Gengið verður á Hjörleifshöfða

Mæting á bankaplanið í Vík kl. 20:00

Ferðanefnd Ferðafélags Mýrdælinga

Uppstigningardagur -

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal - Eldri borgarar

Í tilefni af degi eldri borgara í Þjóðkirkjunni verður guðsþjónusta í Skeiðflatarkirkju í Mýrdal. á uppstigningardag, fimmtudaginn 13. maí nk. kl. 14.00.



Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar.

Eftir guðsþjónustuna bjóða allar sóknirnar í Mýrdal viðstöddum til kaffidrykkju á Hótel Dyrhólaey. Þar mun Samkórinn einnig syngja nokkur lög.

Fjölmönnum til guðsþjónustunnar og gerum daginn eftirminnilegan líkt og á síðasta ári.

Sóknarprestur

Bingó, Bingó, Bingó, Bingó, bingó.

Kvenfélag Hvammshrepps stendur fyrir Stórbingói í Leikskálum 13. maí n.k. kl. 20.30, til styrktar kaupum á augnskoðunartæki fyrir Heilsugæslustöðina í Vík

Meðal vinninga eru Rafmagnstæki frá Heimilistækjum, Hestaferð frá Skálakoti, Sigling og Gisting vítt og breitt um landið ásamt mörgum fleiri góðum vinningum.



Nánar auglýst í næsta Vita

Kvenfélag Hvammshrepps

Ferðamálafélag Skaftárhrepps auglýsir:

Gönguferð á og umhverfis Orrustuhól á Brunasandi miðvikudaginn 12. maí.

Mæting við Skaftárskála kl. 19:00 og sameinast í bíla. Verð kr. 500. Fararstjóri: Rannveig Bjarnadóttir. Hlökkum til að sjá ykkur!!

Félagið mun standa fyrir tveimur gönguferðum á mánuði í sumar, og verður áætlunin kynnt í Vitanum 2. júní.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg í s. 899-8767, netfang ibi@hi.is